

Fylgiskjal 1:

Vinnuskjal Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala yfir lögbrot heilbrigðisráðherra / heilbrigðisráðuneytis og Landspítala við niðurlagningu St. Jósefsspítala 2011.

Eftirtalið er samantekt Hollvinsamtaka St. Jósefsspítala um meint lögbrot af hálfu Velferðarráðherra / Velferðarráðuneytis/ Landspítala við lokun St. Jósefsspítala 2011.

1) Ólögmæt lokun St. Jósefsspítala með fjárlögum, án samráðs við sveitarfélög, árið 2011. Lokun spítalans fór fram með reglugerð 76/2011 sem útgefin var af þáverandi Heilbrigðisráðherra Guðbjarti Hannessyni.

Ekkert bendir til þess í umræðum í heilbrigðisnefnd árið 2010 að leggja eigi umdæmissjúkrahúsið St. Jósefsspítala niður, eða í fjárlaganefnd sem leggur til viðbótarframlag til St. Jósefsspítala í fjárlögum fyrir árið 2011,

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja að ólögmæti lokunarinnar felist í því að engin umræða virðist hafa farið fram um lokunina í Heilbrigðisnefnd Alþingis 2010 og á Alþingi Íslands sem fer með fjárveitingavald ríkisins í heilbrigðismálum.

Á netinu finnst eftirfarandi nefndarálit meirihluta heilbrigðisnefndar vegna fjárlaga 2011, vegna breytinga sem fyrirhugaðar voru á landsbyggðinni:

“139. löggjafarþing 2010–2011.Þskj. 413 — 1. mál. Fylgiskjal XIII.

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (08 Heilbrigðisráðuneyti),

“Telur meiri hlutinn að í þeirri vinnu sem fram undan er sé mikilvægt að heilbrigðisstofnanir og stjórnvöld vinni saman að leiðum til að bregðast við niðurskurðarkröfum. Í viðtölum nefndarinnar við forsvarsmenn sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana kom fram sú skoðun að samráð yfirvalda við stofnanirnar hefði ekki verið nóg við undirbúning þeirra niðurskurðarkrafna sem fram koma í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur brýnt að við endurmat og gagngerar skipulagsbreytingar á heilbrigðisþjónustu í landinu sé nauðsynlegt að meiri samvinna sé höfð við þær heilbrigðisstofnanir þar sem miklar breytingar eru fyrirhugaðar. Þar að auki telur meiri hlutinn ekki ráðlegt að ráðist verði í fyrirhugaðar breytingar á þeim hraða sem frumvarpið gerir ráð fyrir heldur verði farið í þá vinnu í aukinni samvinnu við þær stofnanir og sveitarfélög sem í hlut eiga.

Í viðtölum nefndarinnar við fagfélög lækna og hjúkrunarfræðinga kom fram að forgangsroðun frumvarpsins sé í samræmi við þá þróun sem heilbrigðisþjónustan hefur tekið og stefnt er að í lögum nr. 40/2007.

Fagfólkið telur hins vegar augljóst að vinnubrögð við undirbúning

frumvarpsins hefðu mátt vera faglegri og breytingarnar markvissari. Ekki hafi verið farið í þarfagreiningu og skilgreint hvaða þjónusta sé nauðsynleg á hverjum stað og hvað felist í hugtökum eins og grunnþjónusta, umdæmissjúkrahús, heilsugæslusjúkrahús og fleira. Áréttað meiri hlutinn enn og aftur að nauðsynlegt sé að við aðdraganda og undirbúning að skipulagsbreytingum í heilbrigðiskerfinu séu fagleg vinnubrögð höfð í heiðri, sérstaklega með tilliti til þess hve viðkvæm þjónusta á í hlut. Sparnaðarkrafa ráðuneytisins kemur þungt niður á mörgum heilbrigðisstofnunum en eins og fram hefur komið þarf að fara í vandaða stefnumótunarvinnu og frekari útfærslu á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem hugtök eru skýrð, byggt er á þarfagreiningu og tekið er tillit til sérstöðu hvers landssvæðis eins og hægt er um leið og hagræðis er gætt”.

Í PDF skjali sem fylgir umræðu heilbrigðisnefndar kemur fram eftirfarandi hvað varðar viðbótarfjárlög til St. Jósefsspítala frá Alþingi vegna fjárlaga 2011:

“08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur 128,0

1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Hagræðing starfsemi Samþykkt af ríkisstjórn

Lögð er til 128 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðun á framlagi til heilbrigðisstofnana er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar á að veita. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd. Horft er til sérstakra aðstæðna hjá fimm stofnunum, en þær eru Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Vesturlands, Patreksfjarðar, Blönduóss og Suðausturlands, vegna atvinnuástands, hlutverks, einangrunar og rekstrarumfangs.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanirnar lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á St. Jósefsspítala, Sólvangi, í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um 137 m.kr. Þar af eru 50,9 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 86,1 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingakröfunnar”.

Sjá heimild: 413, Þ. (2010, desember 6). 139 löggjafaræðing 2010-2011.

<http://www.althingi.is/altext/139/s/0413.html>

(álit heilbrigðisnefndar meirihluti nefndar. Althingi.is)

Ekkert bendir því til þess í umræðum í heilbrigðisnefnd árið 2010 að leggja eigi umdæmissjúkrahúsið St. Jósefsspítala niður, eða í fjárlaganefnd sem leggur til viðbótarframlag til St. Jósefsspítala í fjárlögum fyrir árið 2011.

2) Brot á lögum um heilbrigðisþjónustu 40/2007, II kafli 5.

Brot á samráði er brot á lögum um heilbrigðisþjónustu og ofangreindri lagagrein.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja að Heilbrigðisráðherra, Heilbrigðisráðuneytið ásamt Landspítala hafi brotið ofangreinda lagagrein:

Ráðherra getur “að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og samband íslenskra sveitarfélaga” ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð.

Samráð Heilbrigðisráðherra við sameiningu St. Jósefsspítala og Landspítala var fólgið í að mynda verkefnisstjórn með jafnmörgum aðilum frá St. Jósefsspítala og Landspítala.

Verkefnisstjórnin samþykkti þann 24.01.2011 að legudeild almennra lyflækninga yrði áfram í húsnæði St. Jósefsspítala með áherslu á sjúklinga sem ekki væru bráðveikir heldur að ljúka meðferð, endurhæfingu, eða að bíða eftir úrræðum innan sem utan Landspítala og í völdum tilfellum væri hægt að taka á móti sjúklingum frá heilsugæslu og öldrunarþjónustu í Hafnarfirði og nágrenni en þó á sömu forsendum og með sömu öryggiskröfum og fyrir aðra sjúklinga, sjá samantekt verkefnisstjórnar um sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala, sjá fylgiskjal 4.

(Fylgiskjal 4: Tillögur verkefnisstjórnar um framvindu og fyrirkomulag við sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala, 24.01.2011).

Í samantekt verkefnisstjórnarinnar um framvindu og fyrirkomulag við sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala kemur fram að starfrækja skuli legudeild fyrir almennar lyflækningar í húsnæði St. Jósefsspítala.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja að Heilbrigðisráðherra, Heilbrigðisráðuneytið og Landspítali hafi brotið fyrirhugað samráð hvað varðar verkefnaskiptingu milli Landspítala og St. Jósefsspítala 2011 við sameiningu þessara tveggja stofnana. Svokallað “sýndarsamráð” var haft uppi á milli Heilbrigðisráðherra og sveitarstjórnarmanna í Hafnarfirði, með útgáfu á reglugerð 76/2011.

Slíkt telst ekki boðleg stjórnarsýsla og brot á trúnaði og trausti á milli stjórnarsýslustiga.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælti harðlega þeirri ákvörðun að loka St. Jósefsspítala, sem gangi þvert á fyrirheit sem gefin voru um að St. Jósefspítali gegndi áfram mikilvægu hlutverki í nærþjónustu við íbúa í Hafnarfirði.

Sjá ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í: Fylgiskjal 11: Mbl.is 12.10.2011 “Mótmæla lokun St. Jósefsspítala.

Sjá einnig fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar) dags. 12.10.2011.
1. 10101162 – Landspítali Hafnarfirði (St. Jósefsspítali-Sólvangur). Þar kemur fram að bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælir harðlega harðlega lokun St. Jósefsspítala og krefst þess að hún verði endurskoðuð og sameining við LSH gangi til baka. Ákvörðunin gangi þvert á þá sátt sem lofað var og þau fyrirheit sem gefin voru um að St. Jósefsspítali gegndi áfram mikilvægu hlutverki í nærþjónustu við íbúa í Hafnarfirði. Bæjarstjórn krefst þess að að staðið verði við loforð velferðarráðherra um samráð og þegar verði teknar upp viðræður milli Velferðarráðherra og Hafnarfjarðarbæjar um hvernig áframhald starfsemi á St. Jósefsspítala verði tryggð (Sjá fylgiskjal 17).

Lyflækningadeild St. Jósefsspítala var lokað að tilmælum Landspítala í janúar 2012, þrátt fyrir að lög um heilbrigðisþjónustu 40/2007, II kafli 5 gr. kveði á um samráð milli Heilbrigðisráðherra og hlutaðeigandi sveitarfélaga og samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem St. Jósefsspítali var umdæmissjúkrahús Hafnarfjarðar og nágrannasveitarfélaga.

Verkefnisstjórnin fundaði reglulega með Sveini Magnússyni skrifstofustjóra í Velferðarráðuneytinu. Fram kom af hálfu Velferðarráðuneytisins að starfrækja skyldi legudeild fyrir almennar lyflækningar í húsnæði St. Jósefsspítala. Heilbrigðisráðherra lofaði sveitarstjórnarmönnum í Hafnarfirði samráði með stofnun verkefnastjórnar við sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala en lætur svo Landspítala það eftir að leggja St. Jósefsspítala niður nokkrum mánuðum eftir sameiningu án samráðs við hlutaðeigandi hagsmunaaðila svo sem öll þau sveitarfélög sem heyrðu undir umdæmissjúkrahúsið St. Jósefsspítala og samband íslenskra sveitarfélaga. Slíkt brot á samráði er brot á lögum um heilbrigðisþjónustu 40/2007, II kafli 5 gr.

3) Brot á reglugerð um heilbrigðisumdæmi 785/2007 .

Samkvæmt 5 gr. reglugerðar 785/2007 um heilbrigðisumdæmi sem var í gildi 2010, við sameiningu St. Jósefsspítala, Landspítala skal ráðherra skipa þriggja til fimm manna ráðgjafarnefnd í hverju heilbrigðisumdæmi. Ráðherra skipar formenn ráðgjafarnefndanna og setur þeim erindisbréf. Nefndirnar skulu vera ráðherra til ráðgjafar um úrbætur í skipulagi og rekstri heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi með það að markmiði að veita sem besta heilbrigðisþjónustu innan ramma fjárveitinga.

Ekkert samráð virðist hafa verið viðhaft við heilsugæslur í Hafnarfirði, Garðabæ, eða á aðrar heilsugæslur á umdæmissvæði St. Jósefsspítala við lokun St. Jósefsspítala. Samkvæmt frétt í Morgunblaðinu 09.01.2009 sést að lækna heilsugæslustöðvanna í Hafnarfirði og Garðabæ lýsa þungum áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum á starfsemi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Lýsa þeir vilja til að koma að viðræðum um framtíðarskipan þessara mála á svæðinu

(Sjá fylgiskjal 12: Læknar lýsa áhyggjum: frétt úr mbl.is 09.01.2009).

Samkvæmt þessari frétt ættu læknar á heilsugæslum á Hafnarfjarðarsvæðinu og í Garðabæ að hafa verið á samráðsfundum með ráðgjafarnefnd í heilbrigðisumdæminu vegna niðurlagningar St. Jósefsspítala þar sem St. Jósefsspítali var umdæmissjúkrahús heilsugæslanna í Hafnarfirði og Garðabæ.

Læknar frá heilsugæslum í Kópavogi, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Þingvallasveit, Kjósarsýslu og fulltrúum frá Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins ættu einnig að hafa fundað með ofangreindri ráðgjafarnefnd ásamt fulltrúa frá sambandi íslenskra sveitarfélaga skv. fyrrgreindri reglugerð 785/2007.

Hollvinsamtök St. Jósefsspítala óska því eftir að Umboðsmaður Alþingis óski eftir fundargerðum fyrrgreindrar ráðgjafarnefndar sem heilbrigðisráðherra var skylt að skipa skv. reglugerð um heilbrigðisumdæmi 785/2007 árin 2009-2014.

Skv. 3. gr. reglugerðar 785/2007 skulu samráðsnefndir heilbrigðisumdæma fyrir lok mars ár hvert gefa ráðherra skýrslu um skipulag almennrar heilbrigðisþjónustu í umdæminu og störf nefndarinnar á liðnu ári.

Hollvinasamtökin óska einnig eftir því að þar til bærir aðilar, þar með talið Umboðsmaður Alþingis Alþingi, Landlæknir, Velferðarnefnd Alþingis, Velferðarráðuneytið og Ríkisendurskoðun skoði þessar fundargerðir með tilliti til þess hvort eðlileg stjórnýsla, ásamt faglegum og vönduðum vinnubrögð hafi verið viðhöfð við lokun St. Jósefsspítala umdæmissjúkrahúss fjölmargra sveitarfélaga sem voru hagsmunaaðilar við lokun St. Jósefsspítala umdæmissjúkrahúss sbr. lög 2007 nr. 40, II kafli 5 gr.

4) Brot á sveitarstjórnarlögum, 138/2011.

Engu málefni sem varðar sérstaka hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umfjöllunar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarmenn Hafnarfjarðar margítrekuðu óskir um samráð varðandi starfsemi St. Jósefsspítala frá því að fyrst var rætt um breytingar varðandi starfsemi St. Jósefsspítala.

3 gr. sveitarstjórnarlaga hljóðar upp á eftirfarandi: 2. mgr: Skipulag og starfsaðstæður sveitarfélaga séu þannig að þau geti sjálf borið ábyrgð á framkvæmd verkefna sem þeim er falið að sinna.

Í 24. gr. sveitarstjórnarlaganna kemur fram um aðrar almennar skyldur sveitarstjórnarmanna. Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Með ákvörðunum æðra stjórnvalds, í þessu tilviki er það ráðherra heilbrigðismála sem ákveður sameiningu St. Jósefsspítala og Landspítala

er komið í veg fyrir að sveitarstjórnarmenn geti sinnt skyldum sínum gagnvart íbúum sveitarfélagsins:

Skýrsla gefin út af Heilbrigðisráðuneytinu 2006 sýnir að St. Jósefsspítali gegndi stóru hlutverki í nærþjónustu heilsugæslunnar í Hafnarfirði.

Sjá: Tillögur nefndar um heildstæða uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði" útgefin af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu febrúar 2006: <https://www.velferdarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel>: Tillögur nefndar um heildstæða uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja að með samráðsleysi Heilbrigðisráðherra/ráðuneytis við sveitarstjórnir umdæmissjúkrahússins St. Jósefsspítala hafi sveitarstjórnarmönnum í umdæmi St. Jósefsspítala verið gert ókleift að sinna ofangreindum lagagreinum, sem þeir gangast undir sem sveitarstjórnarmenn.

Æðra stjórnvald (ríkið – heilbrigðisráðuneytið – Landspítali) ákvað einhliða með reglugerð 76/2011 lokun St. Jósefsspítala sem var mikill stuðningur í nærsamfélagi Hafnarfjarðar og nágrennasveitarfélaga sbr. áðurnefnd skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins frá 2006.

Þessi stjórnýsla Heilbrigðisráðuneytisins er brot á sveitarstjórnarlögum 138/2011.

5) Fjárframlögum St. Jósefsspítala 2011 var ráðstafað án þess að fyrri þjónusta St. Jósefsspítala væri veitt:

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja að fjárframlög hafi runnið til Landspítala, án þess að þjónusta væri veitt á móti. Þjónusta sem St. Jósefsspítali hafði áður veitt, var meira og minna lögð af eða dregið úr henni svo margra ára biðlistar hafa myndast.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala spyrja hvað varð um fjárframlög St. Jósefsspítala?

Landspítalinn átti að taka yfir sérgreinastarfsemi St. Jósefsspítala, bæði hvað varðar kvensjúkdómaaðgerðir sem og starfsemi meltingardeildar St. Jósefsspítala sem hélt uppi virku eftirliti og innköllunum á sjúklingum sínum með áhættu á ristilkrabbameini.

Eftirliti með sjúklingum í áhættuhópi með ristilkrabbamein hefur ekki verið sinnt af Landspítala, eftir að St. Jósefsspítali var lagður niður.

Vaxandi biðlisti hefur verið eftir aðgerðum á grindarbotni og þvaglekaaðgerðum kvenna sem sýnir fram á það að Landspítali hefur ekki sinnt þeim vandamálum kvenna svo neinu nemi.

Augasteinaaðgerðir voru einnig stór þáttur í þjónustu St. Jósefsspítala, samkvæmt síðustu fréttum hafa allt að 3 ára biðlistar hafa myndast eftir slíkum aðgerðum eftir að St. Jósefsspítali var lagður niður.

Landspítalinn tók því við fjárveitingum St. Jósefsspítala en sinni lítt því starfi sem St. Jósefsspítali hafði sinnt áður. Slíkt myndi einhversstaðar teljast til meiriháttar vanrækslu, sérstaklega hvað varðar fólk með ristilkrabbamein sem áður var kallað inn í eftirlit á St. Jósefsspítala, en er ekki lengur kallað inn í eftirlit á vegum Landspítala. Grindarbotnsaðgerðir kvenna hafa einnig borið mjög skarðan hlut frá borði hjá Landspítala sl. ár.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala vilja því beina þeirri spurningu til Umboðsmanns Alþingis hvort slíkar færslur á fjárveitingum milli stofnana geti talist eðlileg stjórnsýsla, án umræðu á Alþingi, eða í Velferðarnefnd Alþingis sem á að fjalla um heilbrigðismál og án umræðu um breytingarnar.

Eftirlit var ekkert með því hvort þjónusta St. Jósefsspítala sem átti að flytjast milli stofnana tveggja var veitt en sívaxandi biðlistar eftir þjónustu sem St. Jósefsspítali veitti áður svo sem augasteinaaðgerðir og kvensjúkdómaaðgerðir virðast benda til að fjárveitingar St. Jósefsspítala hafi alls ekki farið til þeirrar þjónustu sem þær áttu að fara í við sameiningu spítalanna tveggja.

Hollvinsamtök St. Jósefsspítala vilja því beina því til Umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar að skoðað verði hvað varð um fjárframlög St. Jósefsspítala sem runnu til Landspítala við sameiningu St. Jósefsspítala og Landspítala 2011 og hvort eðlilegt sé að fjárveitingar sem áætlaðar eru til reksturs einnar stofnunar ríkisins hverfi til Landspítalans, án endurskoðunar opinberra aðila um hvað varð um þær fjárveitingar sem ætlaðar voru til þjónustu sjúklinga á St. Jósefsspítala. Fjárveitingin virðist samkvæmt biðlistum sem byrjaðir voru að myndast í lok árs 2011 ekki hafa farið til þjónustu á sjúklingum sem áður fengu þjónustu hjá St. Jósefsspítala (sjá blaðagreinir um biðlista og fl., fylgiskjal 8). Afleiðingar niðurlagningar St. Jósefsspítala má sjá í mjög löngum biðlistum eftir þeirri lækniþjónustu sem St. Jósefsspítali sinni áður.

Einnig óska Hollvinasamtök St. Jósefsspítala eftir álitum Umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar á því að Landspítalinn virðist sjálfur sjá um endurskoðun á sínum útreikningum við hvern sjúkling samanber útreikninga í "Minnisblað um skýrslu um endurskipulagningu sjúkrahússþjónustu á SV horninu" (sjá fylgiskjal 3) sem sýndi fram á ódýrari aðgerðir á Kragasjúkrahúsunum 2010 en á Landspítala, en Landspítalinn hélt öðru fram. Skoðun af hálfu Ríkisendurskoðunar hefur aldrei farið fram á umræddum staðhæfingum um það hvort Landspítalinn hafi haft á réttu að standa hvað það mál varðar. Landspítalinn virðist því sjálfur endurskoða sína útreikninga, en ekki utanaðkomandi aðilar svo sem Ríkisendurskoðun.

Því er óskað eftir að Umboðsmaður Alþingis beiti sér fyrir úttekt Ríkisendurskoðunar á samanburðarhæfum aðgerðum innan og utan Landspítala.

(Sjá fylgiskjal 8: Blaðagreinar um vaxandi biðlista).

(Sjá fylgiskjal 3: Minnisblað um skýrslu um endurskipulagningu sjúkrahúspjónustu á Suðvesturhorninu – Guðrún Bryndís Karlsdóttir- júní 2010).

6) Fréttaflutningur af yfirfullum Landspítala – St. Jósefsspítala lokað á sama tíma: Brot á 1. Kafla 1. Gr. laga um heilbrigðisþjónustu:

Samkvæmt 1. Kafla 1. gr. um heilbrigðisþjónustu eiga allir landsmenn að eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu. Lög þessi taka til skipulags heilbrigðisþjónustu. Markmið þeirra er að allir landsmenn eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tók á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði í samræmi við ákvæði laga þessara, lög um almannatryggingar, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.

Þann 02.04.2013 kom fram frétt á netmiðlinum Eyjunni/Pressunni og í Læknablaðinu þar sem Sigurðar Guðmundssonar fyrrverandi landlæknir lýsir yfir neyðarástandi á lyflækningasviði Landspítala: “Spítalinn er yfirfullur. Leguplássum á lyflækningadeildum hefur fækkað um 16 % frá 2008 og bráðainnlögnum fjölgað um 24 % frá 2009. Afleiðingin er meðal annars sú að fólk liggur reglulega á göngum. Það er einfaldlega þjóðarskömm”.

(Sjá fylgiskjal 13: Sigurður Guðmundssonar fyrrverandi Landlæknir, grein í Læknablaðinu, 4. tbl. 2013, og eyjan.is 02.04.2013).

Önnur skýrsla sem sýnir fram á mjög slæmt ástand á lyflækningasviði Landspítala er úttekt sem Landlæknir gerði á starfsemi lyflækningasviðs Landspítala 2014. Úttektin var gefin út 12.09.2014 og finnst á vef Landlæknis undir: “Lyflækningasvið Landspítala – mat á gæðum og öryggi þjónustu lyflækningaeilda”

Í úttekinni segir meðal annars: “Meðalnýting rúma er 97-100 % en á bráðasjúkrahúsum (eins og Landspítala) er miðað við 85 % nýtingu til að geta annað bráðainnlögnum. Mikið er um gangainnlagnir og bráðainnlagnir á ganga, setustofur og skrifstofur sem sé óásættanlegt fyrir sjúklinga, því ekki sé hægt að bjóða upp á bjöllur fyrir sjúklingana, ekki sé til staðar súrefni og ekki sé friður fyrir sjúklingana á göngum”:

Sjá landlaeknir.is – Úttektir á Landspítala. 12.09.2014.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala vilja því beina þeirri fyrirspurn til Umboðsmanns Alþings um að hann beini fyrirspurn til Landspítala og Velferðarráðuneytis um að þessir aðilar gefi Umboðsmanni Alþingis faglegan rökstuðning fyrir lokun St. Jósefsspítala 2011 samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu 40/2007, 1. kafla 1. gr. þegar fyrrgreind blaðgrein 2013 og úttekt Landlæknisembættisins 2014 sýndi fram á brýna þörf á stuðningi við lyflækningasvið Landspítalans 2014.

Ekki er beðið um ekki fjárhagslegan rökstuðning fyrir lokuninni heldur

faglegan sbr. heilbrigðislögum 40/2007, 1. Kafla 1. gr. um heilbrigðisþjónustu því spítalinn gegndi mjög mikilvægum stuðningi í nærsamfélagi Hafnarfjarðar og nágrennasveitarfélaga sem umdæmissjúkrahús höfuðborgarsvæðisins á sama tíma og ofangreindir aðilar Sigurður Guðmundsson fyrrverandi landlæknir (2013) og Embætti Landlæknis (2014) telja að neyðarástand ríki á Lyflækningadeildum Landspítala.

Niðurlagning á Lyflækningadeild St. Jósefsspítala í janúar 2012 telst brot á lögum um heilbrigðisþjónustu 40/2007, 1. Kafla 1. gr.

7) Er Landspítali orðinn hluti af framkvæmdavaldi Íslands?

Í dag er framkvæmdavald Landspítalans falið í því að með sameiningu stofnana við Landspítala er ákvarðanatoka alfarið í höndum Landspítalans um það hvaða heilbrigðisstofnanir fái að starfa á landsbyggðinni. Lokun St. Jósefsspítala er fordæmisgildi fyrir slíku. Landspítalinn var úrslitavaldur um áframhaldandi starfsemi St. Jósefsspítala, sem lokað var án alls samráðs þó spítalinn gegndi skv. lögum um heilbrigðisþjónustu 40/2007 hlutverki umdæmissjúkrahúss höfuðborgarsvæðisins.

Teljast ákvarðanatökur Landspítala um slíkar sameiningar/niðurlagningar lögmætar og er Landspítalinn þar með orðinn sjálfstætt framkvæmdavald á vegum íslenska ríkisins hvað varðar heilbrigðismál. Velferðarráðuneytið sér þar með ekki lengur um ákvarðanatökur varðandi hvaða heilbrigðisþjónusta skal vera í boði í hverjum landshluta og heilbrigðumdæmi, heldur Landspítalinn.

Telur Umboðsmaður Alþingis að slíkar ákvarðanatökur séu lögmætar, án samráðs við hlutaðeigandi sveitarfélög sem eiga mikið undir slíkum ákvarðanatökum, því sveitarfélögin eiga að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, íbúanna í sveitarfélögunum skv. sveitarstjórnarlögum.

Í umræðum um heilbrigðismál árið 2010 má sjá í umræðum að stefnt sé að flutningi málefna aldraðra frá ríkinu til sveitarfélaganna árið 2012, þetta kemur fram í umræðum frá heilbrigðisnefnd Alþingis, sjá umræður um fjárlög 2011 umræður á Alþingi: <http://www.althingi.is/alttext/139/s/0413.html>).

Slíkt getur vart talist ákjósanlegur kostur fyrir sveitarfélög sem hafa engan stuðning af umdæmissjúkrahúsi sínu St. Jósefsspítala, eins og höfuðborgarsvæðið býr við í dag. Höfuðborgarsvæðið á í dag aðeins eitt sjúkrahús, yfirfullan Landspítala sérgreinasjúkrahús.

Í þessum sömu umræðum árið 2010 má sjá að Heilbrigðisráðherra 2010 Guðlaugur Þór Þórðarson þáverandi heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir því að St. Jósefsspítali verði öldrunarspítali. Miðað við stöðuna árið 2015 á málefnum aldraðra hefði sannarlega ekki verið vanþörf á því að taka St.

Jósefsspítala í gagnið aftur því öldruðum fer fjölgandi og mikil bið er eftir öldrunar og endurhæfingarræðum fyrir aldraða.

Vald Landspítala um lokun sjúkrahúsa án samráðs við sveitarfélög er valdníðsla og slík stjórnábyrgð er ekki að vera boðleg í nútíma samfélagi sem gerir æ meiri kröfur til sveitarfélaganna um þjónustu við skjólstaðinga sína, sem standa uppi án án alls stuðnings s.s. niðurlagningu Lyflækningadeildar St. Jósefsspítala sem hélt uppi ómetanlegum stuðningi við Hafnarfjörð og nágrenni sbr. verkefni umdæmissjúkrahúsa.

Slík stjórnábyrgð er í hrópandi mótsögn við umræðu um flutning á málefnum aldraðra yfir til sveitarfélaganna á næstu árum. Stór skýrsla sem gefin var út af Hafnarfjarðarbæ 2006 sýndi fram á mikið mikilvægi St. Jósefsspítala í nærsamfélaginu vegna sjúkra og aldraðra, sbr. skýrslu Heilbrigðisráðuneytisins frá 2006, sjá: Landlaeknir.is: "Tillögur nefndar um heildstæða uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði".

Landspítalinn getur án samráðs við sveitarfélög og heilsugæslur á höfuborgarsvæðinu tekið sér það vald að hunsa samráð við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Umræða á Alþingi í heilbrigðismálum er samt í þá átt að sveitarfélögin taki í náinni framtíð við málefnum aldraðra. Í dag er sveitarfélögunum landsins gert það ókleift, því allir vita að stuðningur Landspítalans við aldraða er lítill sem enginn, heldur eru aldraðir og langveikir "fráflæðisvandi" sem fylla alla ganga á Landspítala, - enda Landspítalinn hugsaður skv. heilbrigðislögum frá 2007 sem sérgreinasjúkrahús, ekki almennt sjúkrahús.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala beina því þeirri spurningu til Umboðsmanns Alþingis hvort það sé eðlileg stjórnábyrgð að Landspítali sé orðinn hluti af framkvæmdavaldi Íslands, og geti án umræðu á Alþingi, án umræðu hjá þingmönnum og án umræðu hjá Velferðarnefnd Alþingis tekið sér það vald að leggja niður umdæmissjúkrahús eins og St. Jósefsspítali var fyrir sínar umdæmisheilsugæslur og sveitarfélög höfuborgarsvæðisins.

8) Brot á stjórnábyrgðum við lokun St. Jósefsspítala 2011:

Stjórnábyrgðin hljóða þannig: 37/1993, 16. gr. 3 mgr:
Gögn undanþegin upplýsingarétti. Aðili skal skuli eiga aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja sig aðila að máli sem fulltrúar þeirra 14.000 aðila sem mótmæltu lokun spítalans 2009. Hollvinsamtökin óska því eftir að Umboðsmaður Alþingis kanni hvort brot hafi verið framið á stjórnábyrgðum við lokun St. Jósefsspítala. Engar fundargerðir fundust í Heilbrigðisráðuneytinu árið 2011 þegar starfsmenn St. Jósefsspítala óskuðu eftir því að fá fundargerðir af fundum Heilbrigðisráðherra og sveitarstjórnarmanna í Hafnarfirði árið 2010-2011.

Hollvinsamtök St. Jósefsspítala hafa undir höndum e.mail samskipti við sveitarstjórnarmenn í Hafnarfirði sem staðfesta að þeir áttu fund með Heilbrigðisráðherra þann 02.11.2010. Mættir voru: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir (VG) Valdimar Svavarsson (D), Gunnar Axel Axelsson (S) og Gunnar Rafn sviðsstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ ásamt heilbrigðisráðherra Guðbjarti Hannessyni.

(Sjá fylgiskjal 14, e.mail samskipti við sveitarstjórnarmenn í Hafnarfirði). Engar fundargerðir fundust í Heilbrigðisráðuneytinu þegar óskað var eftir þeim í febrúar 2011 af starfsmönnum St. Jósefsspítala.

Heilbrigðisráðuneytið vísaði hinsvegar í fundargerðir "Tillögur verkefnisstjórnar um framvindu og fyrirkomulag við sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala" (sjá fylgiskjal 4).

Í blaðagrein í bæjarblaðinu Fjarðarpósturinn þann 10.02.2011 skrifa tveir bæjarstjórnarmenn Hafnarfjarðar blaðagrein, Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri í febrúar 2011 og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri 2012 til 2014, (Sjá fylgiskjal 15. grein úr Fjarðapóstinum frá 10.02.2011).

Í greininni kemur fram að bæjarstjórnarnir virðast telja að Lyflækningadeild verði starfrækt áfram í St. Jósefsspítala.

Á einhverjum tímapunkti virðast bæjarstjórnarnir hafa verið með í einhverskonar samráðsferli, þegar þeir staðhæfa þetta í bæjarblaði Hafnfirðinga. Þeir lýsa ánægju með áframhaldandi starfsemi Lyflækningadeildar St. Jósefsspítala, enda hafi Lyflækningadeildin verið mikilvægur stuðningur við heilsugæslurnar í Hafnarfirði.

Bæjarstjórnarnir segja að Hafnarfjarðarbær hafi á engu stigi málsins átt að taka þátt í ákvörðunum um framtíð St. Jósefsspítala. Þeir upplýsa hinsvegar um að þeir hafi verið kallaðir til funda í Velferðarráðuneytinu (fundargerð óskast) til að upplýsa um þau áform sem uppi hafi verið hverju sinni.

Bæjarstjórnarnir segja í Fjarðarpóstinum að að fulltrúar allra stjórnsmálaflokka í bænum hafi lýst að þeim hugnist "EKKI" þessar breytingar, og segjast hafa lagt áherslu á þessa mikilvægu starfsemi sem hluta af almennri heilbrigðisþjónustu í bænum, og mikilvægi spítalans sem stuðningi við heilsugæsluna í Hafnarfirði og Lyflækningadeild St. Jósefsspítala muni starfa áfram.

Hollvinsamtök St. Jósefsspítala óska því eftir því að Umboðsmaður Alþingis óski eftir fundargerðum hjá Heilbrigðisráðuneytinu og Hafnarfjarðarbæ frá þessum fundi sem fram fór 02.11.10 í Heilbrigðisráðuneytinu sem og öllum öðrum fundum sem haldnir voru með sveitarstjórnarmönnum í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Álftaness, Kópavogs, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu varðandi lokun St. Jósefsspítala umdæmissjúkrahúss.

Slíkir fundir og fundargerðir hljóta að hafa verið haldnar skv. stjórnsýslulögum í Heilbrigðisráðuneytinu og hjá Hafnarfjarðarbæ, ásamt öllum öðrum sveitarfélagum sem Heilbrigðisráðherra og Heilbrigðisráðuneytinu bar að hafa samráð við vegna breytinga á starfsemi

umdæmssjúkrahússins St. Jósefsspítala (Garðabæ, Kópavogi, Álftanesi, Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Kjósarsýslu og Þingvallasveit). Ef fundargerðir finnast ekki yfir jafn mikilvægan gjörning og aflagningu umdæmissjúkrahúss Hafnarfjarðarbæjar og fjölmargra annarra sveitarfélaga, hlýtur það að teljast brot á stjórnsýslulögum.

9) Lögbrot að sameina umdæmissjúkrahús og sérgreinasjúkrahús ?

Samkvæmt IV. kafla 14 gr. heilbrigðislaganna 40/2007 skal starfrækja heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem hafa með höndum starfrækslu heilsugæslu og umdæmissjúkrahúsa sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Skv. IV. kafla 18 gr. skal á umdæmissjúkrahúsi veita almenna sjúkrahúsþjónustu m.a. göngu og dagdeildarþjónustu eftir því sem við á. Í tengslum við þau skulu einnig vera hjúkrunarrými (Sólvangur), og önnur þjónusta sem sjúkrahúsinu er falið að veita.

St. Jósefsspítali/Sólvangur var umdæmissjúkrahús heilbrigðisumdæmis Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Álftanessi, Kópavogs, Reykjavíkur, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósahrepps þegar það var lagt niður.

Landspítalinn skal samkvæmt 19. gr. laganna veita sérhæfða heilbrigðisþjónustu: "Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Landspítalinn veitir sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, m.a. dag og göngudeildarþjónustu fyrir alla landsmenn ásamt almennri sjúkrahúsþjónustu fyrir íbúa heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins":

Reglugerð 76/2011 steypir saman sérgreinasjúkrahúsinu Landspítala og umdæmissjúkrahúsinu St. Jósefsspítala /Sólvangi. sem eiga að skv. lagagreinum 14. gr. og 18. gr að veita ólíka þjónustu.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala vilja því biðja Umboðsmann Alþingis að kanna hvort það standist lög að reglugerð 76/2011 sé sett til að steypa saman sérgreinasjúkrahúsi og umdæmissjúkrahúsi, sem samkvæmt lögum 40/2007 eiga ekki að veita sömu þjónustu. Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja sameininguna brot á 14. og 18 gr. laga um heilbrigðisþjónustu en óska eftir að Umboðsmaður Alþingis kanni það mál.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja einnig 14. gr. og 20 gr. laga um heilbrigðisþjónustu brotnar, þar sem almenn heilbrigðisþjónusta í umdæmi er skert og umdæmissjúkrahús lagt niður án samráðs við sveitarstjórnir í heilbrigðisumdæminu.

10) Landspítali - spítali með legurými við öryggismörk?

Sameiningar heilbrigðisstofnana - Brot á lögum 40/2007 1 kafl. 1. Gr.

Það sem mætti bæta við er að öryggisfjöldi legurýma út frá þjónustusvæði (lágmark) er metin út frá fjölda legudaga sjúklinga á Kragasjúkrahúsunum.

Aðferðin kom fram 2010 í fjárlagagerð fyrir árið 2011 og er eina aðgengilega heimildin um metna þörf legurýma.

Við sameiningu LSH og St.Jó. fækkaði legurýmum á höfuðborgarsvæðinu um 48 án þess að sú fækkun komi fram í tölum LSH. Afleiðingar um fækkun legurýma fólust í fréttum um aukin afköst starfsfólks og að starfsfólk hlaupi hraðar, þar sem deildir voru yfirfullar.

Með áframhaldandi sameiningum, þar sem aðferðarfræði um lokun St.Jósefsspítala er notuð sem fyrirmynd hefur legurýmum fækkað um land allt án þess að leggja mat á raunverulega þörf um þjónustu við sjúklinga. Afleiðingar af lokunum birtast í fjölmiðlum sem aukið álag vegna fækkunar legurýma um land allt var lýst með gangainnlögnum á LSH og eftir ákvörðun um sameiningar fyrir fjárlög 2014 er ástand á legudeildum LSH komið yfir öryggisviðmið um 75% rúmanýtingarhlutfall á bráðalegudeildum og fer sjaldan undir 100%. Í fjölmiðlum er þessu lýst sem fráflæðisvanda og að inniliggjandi sjúklingar ógni öryggi sjúklinga sem þyrftu að leggjast inn á spítalann en er vísað frá vegna aðstöðuleysis.

Sjá: <https://www.velferdarraduneyti.is/hbr/frettir/nr/32418> og <https://www.velferdarraduneyti.is/hbr/frettir/nr/32459>

Með þessu sameiningum (St. Jósefsspítala – Landspítala) og öðrum sameiningum er Velferðarráðuneytið að brjóta lög um heilbrigðisþjónustu: 1 kafli. 1. Gr.

11) Brotið á landsbyggðinni. Brot á 1 gr. laga um heilbrigðisþjónustu:

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 eru lagðar til umfangsmiklar lækkanir á fjárveitingum til nokkurra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

Verður ekki betur séð en að heilbrigðisráðherra sé með niðurskurðartillögum sem fram eru settar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 að ganga á svig við jafnan rétt landsmanna til fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita eins og þó er boðið að landsmenn skuli njóta í 1 kafla 1.gr.laga 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

Þá virðast niðurskurðartillögurnar í beinni andstöðu við önnur lagaákvæði sem tryggja íbúum rétt til heilsu sem og ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem staðfestir hafa verið af Íslands hálfu.

Sjá: Meðfylgjandi Álitsgerð Daggar Pálsdóttur (sjá fylgiskjal 9)

12) Brot á meðeign / sameign íslenska ríkisins / Hafnarfjarðarbæjar.

Íslenska ríkið á 85 % í St. Jósefsspítala, Hafnarfjarðabær á 15 %.

Meirhluta eigandinn (íslenska ríkið) ákvað að breyta notkun á St. Jósefsspítala og leggja niður alla starfsemi í spítalanum án alls samráðs við meðeigandann, Hafnarfjarðarbæ.

Meirihlutaeigandinn (Íslenska ríkið) lét hirða út úr spítalanum allar eigur spítalans, sjúkrarúm, heilbrigðislækningatæki, gjafir gefnar spítalanum af líknarsamtökum í Hafnarfirði sem vildu veg spítalans sem mestan, án samráðs við hinn eigandann, Hafnarfjarðarbæ.

Um var að ræða allan tækjabúnað muni og innviði sjúkrahússins naglfast eða ekki. Taka skal fram að þegar sjúkrahús St. Jósefsspítala var keypt af St. Jósefsreglu og kaupsamningur undirritaður 3.júní 1987 keypti Hafnarfjarðarbær og Ríkissjóður Íslands fullbúið sjúkrahús á 130 milljónir (sjá fylgiskjal 16, sjá kaupsamning 03.06.1987).

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala vilja því beina fyrirspurn til Umboðsmanns Alþingis hvort slíkur gjörningur, að eyðileggja og breyta notkun spítala án alls samráðs við minnihlutaeiganda (sveitarfélagið Hafnarfjörð) standist íslensk lög og teljist eðlilegur gjörningur. Um er að ræða fordæmisgildi því mörg önnur sjúkrahús á landsbyggðinni standa í sömu sporum, nú þegar sameiningar standa yfir innan heilbrigðisumdæma.

Í því sambandi vilja Hollvinasamtökin ítreka kröfur Hollvina St. Jósefsspítala sem fram kom á borgarfundum í maí 2014 með sveitarstjórnarmönnum Hafnarfirðinga að sameining St. Jósefsspítala og Landspítala Háskólasjúkrahús verði látin ganga til baka. Sama krafa kom fram hjá bæjaryfirvöldum með bókun í bæjarstjórn, sjá meðfylgjandi bókun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. (12.10.2011, sjá fylgiskjal 17)

Þessi sameining er eins og áður segir fyrirmynd að öðrum sameiningum á Íslandi og því hvort það standist lög og reglur sem gilda um ákvarðanir og ráðgjöf þeirra sem bera ábyrgð á útgjöldum til heilbrigðismála sem eru eftirtaldir aðilar: Þingmenn, Alþingi, Velferðarnefnd Alþingis, Velferðarráðherra og Velferðarráðuneyti sem bera ábyrgð á því að þjónustan sé veitt samkvæmt Heilbrigðislögum no. 40/2007, og 1. gr. heilbrigðislaga sé ekki brotin með fjárlögum samanber lokun St. Jósefsspítala 2011.

13) Ekkert skeytt um menningarsögulegt gildi bygginga St. Jósefsspítala

St. Jósefsspítali er sjúkrahús sem er með varðveislugildi skv. álitum Minjaverndar Ríkisins. Sjúkrahúsbyggingin St. Jósefsspítali var tekin í notkun árið 1926, og var því elsta starfandi sjúkrahús landsins. Bygging St. Jósefsspítala er eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar og leitaði stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala eftir því við Minjastofnun ríkisins með bréfi þann 27.01.2015 að meta varðveislugildi bygginganna. Byggingarnar voru þá komnar í söluferli á vegum Fasteigna ríkisins, án þess að Fasteignir Ríkisins sem buðu eignirnar til sölu gættu að menningarverðmætum hússins, eða auglýstu húsið til sölu með tilliti til þess. Hæsta verð var það sem skyldi ráða sölunni.

Niðurstaða Minjastofnunar ríkisins birtist í svari þann 12.8.2015, að báðar byggingarnar, Sjúkrahúsið St. Jósefsspítali og læknastofur St. Jósefsspítala hafa varðveislugildi. (Sjá fylgiskjal 18, bréf Hollvinsamtaka St. Jósefsspítala 27.01.2015 til Minjastofnunar og svarbréf frá Minjastofnun 12.08.2015.)

Hafnfirðingar hafa þegar orðið fyrir verulegu eignartjóni, þar sem annar eignaraðilinn (ríkisvaldið) breytti notkun jafnmikilvægrar stofnunar sem stofnuð var til að sinna heilbrigðisþjónustu við Hafnfirðinga og nágrannasveitarfélög og hafði sinnt því í 85 ár, sjúkrahúsinu var lokað án alls samráðs við sveitarstjórnir og af algjöru virðingarleysi við 14.000 undirskriftir hollvina St. Jósefsspítala sem safnað var til stuðnings spítalanum árið 2009 þegar lokun átti að fara fram.

Því vilja Hollvinasamtök St. Jósefsspítala óska eftir því að Umboðsmaður Alþingis kanni hvort það standist lög að annar eigandi bygginganna geti tekið þá ákvörðun í fyrsta lagi að leggja af starfsemi í sjúkrahúsinu, færa sjúkrahúsið frá heilbrigðisráðuneyti sem hefur með sjúkrahús að gera yfir til Fasteigna ríkisins án samráðs við meðeiganda, bjóði eignirnar til sölu hæstbjóðanda án samráðs við minjavernd ríkisins, þannig að íbúar Hafnarfjarðar standa í dag án sjúkrahúss og þjónustu þess, og með byggingar sem hafa menningarlegt varðveislugildi í einskismannslandi og ónotaðar.

Voru lög brotin við niðurlagningu St. Jósefsspítala 2011 ?

Niðurstaða Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala er að ákvörðun um sameiningu var röng og heilbrigðisþjónusta við íbúa er verri eftir sameiningu. Margar spurningar hafa vaknað um brot á lögum, ekki einungis þeim sem áður hafa verið nefnd heldur jafnvel á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr.70/1996.

Í samantekt eigindlegrar meistararitgerðar Elsu Mogensen (2013) í mannauðsstjórnun sem fjallar um sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala segir höfundur: "Almenna reglan sú að sameiningar og yfirtökur opinberra stofnana eru dýrari, árangur er minni og taki lengri tíma en áætlað er. Elsa bendir á að ekki hafi verið stuðst við aðferðir í breytingastjórnun. Hvorki undirbúningur né framkvæmd hafa verið nægjanlega góð en það liðu aðeins tveir mánuðir frá tilkynningu að sameiningu. Markmið sameiningar var hagræðing sem stefnt var að í fjárlögum. Starfsmenn voru ekki hafðir með í ráðum, skynjuðu ekki þörfina fyrir sameiningunni og veittu henni mótstöðu. Mannlegi þátturinn var vanræktur. Flestir læknar réðu sig ekki inn á Landspítala svo þekking þeirra varðveittist ekki á sameinaðri stofnun. Biðlistar eftir aðgerðum sem gerðar voru á St. Jósefsspítala hafa margfaldast inn á Landspítala og þjónusta við sjúklinga hefur versnað"

(Mogensen, E. (2013). Samantekt í fylgiskjali 24 og rafrænt fylgiskjal <http://skemman.is/stream/get/1946/14605/34723/3/lokaskjal.pdf>)

Við sameiningu St.Jósefsspítala og Landspítala Háskólasjúkrahús var á engan hátt fylgt eftir leiðbeiningum Fjármálaráðuneytisins um sameiningar og tengdar breytingar sem Fjármálaráðuneytið gaf út 2008. (Eysteinnsson,L.(2008). Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar (https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Sameining_rikisstofana.pdf.)

Spurning Hollvinsamtaka St.Jósefsspítala til Umboðsmanns er hvort að lög hafi verið brotin við lokun St. Jósefsspítala. Ef lög hafa verið brotin, gefur það þá þann lagalega rétt að sameining St. Jósefsspítala og Landspítala háskólasjúkrahúss verði látin ganga til baka.

Ef Umboðsmaður Alþingis hefur ekki valdheimildir til að snúa ákvarðanatökunni til baka, þá er það von Hollvinsamtaka St. Jósefsspítala að Umboðsmaður Alþingis upplýsi Alþingi/alþingismenn um ranga málsmeðferð sem Velferðarráðherra, Velferðarráðuneyti og Landspítali beittu í sameiningarferli St. Jósefsspítala og Landspítala árið 2011, þannig að læra megi af þeim mistökum, samfélaginu öllu til hagsbóta, því eins og lækningar og aðrir fagaðilar hafa bent á, þá virðist heilbrigðiskerfið og þá sér í lagi sjúkrahússtarfsemi landsins að hruni komin eftir tilviljanakenndan og ómarkvissan sparnað sl. áratuga.

Hagræðing var markmið fyrir sameiningunni. Þó virðist við eftiráskoðun Hollvinsamtaka St. Jósefsspítala að aldrei hafi verið gerð endanleg rekstraráætlun fyrir sameinaðan spítala. Frumathugun var ekki gerð við ofangreinda sameiningu. Eftiráathugun var ekki gerð. Árangursmat var ekki gert og því er ekki hægt að leggja mat á áhættuna fyrir allan almenning á Íslandi, sem skapast hefur vegna þeirra sameininga sem hafa fylgt í kjölfarið.

Virðingarfyllst:

Steinunn Guðnadóttir formaður Hollvinsamtaka St. Jósefsspítala

Stefanía Ámundadóttir gjaldkeri Hollvinsamtaka St. Jósefsspítala

Guðrún Bryndís Karlsdóttir meðstjórnandi Hollvinsamtaka St. Jósefsspítala

Önnur fylgiskjöl er málið varða:

Fylgiskjal 19) Bréf til sveitarstjórna á landsbyggðinni 22.09.2014 varðandi sameiningar heilbrigðisstofnana um land allt.

Fylgiskjal 20) Bréf til alþingismanna varðandi málefni St. Jósefsspítala 22.01.2015.

Fylgiskjal 21) Bréf til Landlæknis og svarbréf Landlæknis, janúar 2016.

